

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1978

30. júní 1978.

363

Nr. 91.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru þann 22. júní 1977, þannig að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977 skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1978:

1. Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	297 000
Hjón	415.800

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1978.

Gjört í Reykjavík 30. júní 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.